

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/137

komudagur 16.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Rvík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt.
Sendandi: Samtök gegn fátækt.

Ekki leita allir aðstoðar Félagsþjónustu eða hjálparstofnana sem eiga í erfiðleikum. Þ.a.l. er líklegt að tölur um hjálparbeiðnir séu ekki alsendis réttar.

Einstæðar mæður er stærsti hópurinn sem haft hefur samband við samtökin, þarf stór átak til að rétta hlut þeirra. Styðja þarf þær til náms og námskeið í sjálfsstyrkingu myndi vera mjög til bóta, því að margar þessara kvenna eru með mjög brotna sjálfsmynd. Á það einnig við um aðra hópa fólks sem býr við léleg kjör.

Margir eru á barmi örvæntingar í fjármálum og treysta sér ekki til að semja um sín mál við lánastofnanir. Þar þyrfti að vera aðstoð fyrir hendi, svo að fólk í slíkum aðstæðum hafi einhvern sem getur talað máli þeirra. Er það reynsla okkar að mörgum reynist lítið hald í aðstoð Félagsþjónustunnar í þessum efnum. Sumt fólk hefur talað um að það þurfi þunglyndislyf til að hafa það af að berjast áfram í kerfinu.

Börn sem lifa við fátækt og vanlíðan foreldra eru oft mjög vansæl og höfum við áhyggjur af þeirra sálarheill.

Eldri borgarar hafa sumir lítið handa á milli. Þetta er nægjusamt fólk sem ekki kvartar mikið, það segist skrimta vegna þess að það býr í eigin húsnæði, en það eru ekki allir svo heppnir. Margt af þessu fólki átti sér drauma um ferðalög eða aðrar tómsstundir þegar að starfslokum kæmi, en það getur ekki leyft sér neitt af þessu. Þ.a.l. verður margt fólk dapurt og heilsu þess hrakar ört. Margt fátækt fólk hefur ekki lengur efni á að hafa sjónvarp eða kaupa dagblað. Einangrast þetta fólk bæði menningarlega og félagslega. Það hefur oft fáa til að tala við og tími er það eina sem það segjist eiga nóg af, og hann er lengi að líða. Það getur ekki veitt sér tilbreytingu af neinu tagi og koðnar niður. Þessu verður að snúa við.


Það þarf líka átak til að leysa húsnæðismál fátækra. Það getur ekki gengið að fjöldi fólks sé húsnæðislaus og þurfi að búa inni á ættingjum og vinum jafnvel árum saman, þótt ættingjar séu allir að vilja gerðir reynir

mjög á þegar fólk þarf að búa saman, ofí litlu húsnæði. Margt eldra fólk lendir í því að þurfa að hafa afkomendur sína inni á sér, margt af því er orðið gamalt og lasburða og þolir þetta illa.

Fráskildir karlmenn eiga líka margir mjög erfitt. Þeir búa margir í dýrum leiguherbergjum, oft óhrjálægum svo þeir geta ekki haft börn sín hjá sér um helgar og á öðrum tímum, sem samið hefur verið um. Þeir tjá sig oft ekki mikið um sína líðan og loka þetta inni. Þeir sem hafa tjáð sig við okkur lýsa því að þeir eiga erfiðara með að þola þetta fátæktarástand, heldur en konurnar.

Samtök gegn fátækt vilja skora á stjórnvöld að grípa nú þegar til markvissra aðgerða gegn fátæktinni, sem sífellt er að aukast. Þökkum við Samfylkingarfólki fyrir að koma með þessa þingsályktunartillögu gegn fátækt, og styðjum hana heilshugar.

Fyrir hönd Samtaka gegn fátækt


Sigrún Ármanns Reynisdóttir